

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

39. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2025, föstudaginn 12. desember kl. 8:30, var haldinn 39. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Dagbjört Hjaltadóttir og Bragi Þór Thoroddsen.


Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.


Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 39. fund sveitarstjórnar
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
*Oddviti upplýsti um fyrirhugaðan fund vegna **Menningarsjóðs Súðavíkurhrepps** síðar í dag, en þar verður farið yfir hvernig unnt sé að endurvekja sjóðinn til ráðstöfunar á eignum sjóðsins til samræmis við samþykktir.*
Í stjórn sjóðs skulu vera sýslumaður ásamt sóknarpresti og oddvita Súðavíkurhrepps á hverjum tíma, en sjóðurinn er upphaflega stofnaður í nafni Gríms Jónssonar og Þuríði Magnúsdóttur til minningar um hjónin Jón Valgeir Hermannsson og Guðrúnu Jóhannesdóttur.
2. Fundargerð 39. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 10.12.2025
Fundargerðin samþykkt.
3. Gjaldskrár Súðavíkurhrepps – yfirferð og umræða
Sveitarstjórn samþykkir aðalgjaldskrá Súðavíkurhrepps 2026.
Yfirferð á sorpgjaldskrá verður tekin fyrir á fundi skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar.
Dagbjört Hjaltadóttir vék af fundi kl. 10:40

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:50


Bragi Þór Thoroddsen


Jónas Ólafur Skúlason

Dagbjört Hjaltadóttir


Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti